

Nd. 691. Frumvarp til laga [359. mál]

um sérstaka fjáröflun til Skáksambands Íslands.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinnsson, Albert Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Greiðslukortafyrirtæki skulu greiða í ríkissjóð sérstakt gjald eins og nánar er kveðið á um í 2. gr. Tekjum af gjaldinu skal verja óskiptum til Skáksambands Íslands.

2. gr.

Gjaldið skal nema 20 kr. af hverju greiðslukorti og skal greiðslukortshafi inna það af hendi. Gjaldinu skal ásamt skilagrein skila fyrir hvern mánuð til ríkisfóhriðis sem skilar því mánaðarlega til Skáksambands Íslands.

Eindagi gjalds er 15. næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð.

3. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt að höfðu samráði við fjármálaráðherra að setja nánari ákvæði í reglugerð um gjaldtöku þessa.

4. gr.

Undanþegin gjaldi þessu skulu kort sem eigi er greitt af útskriftargjald.

5. gr.

Gjald þetta miðast við framfærsluvísitölu 235,37 og skal leiðrétt með breytingu á framfærsluvísitölu einu sinni á ári í janúar ár hvert í fyrsta skipti í janúar 1989.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fátt hefur vakið meiri athygli héraendis að undanförunu en frammistaða íslenskra skákmanna. Er nú svo komið að í landinu eru margir afreksmenn í skák og fjöldi ungra efnilegra skákmanna.

Félagsmál skákmanna eru unnin af áhugamönnum í sjálfböðavinnu og er starfið ótrúlega mikið. Skákhreyfingin nýtur lítills fjárstuðnings frá opinberum aðilum en viðfangs-efnin fara stöðugt vaxandi. Ljóst er að skákhreyfingunni verður ofviða að leysa þau verkefni, sem fram undan eru, vegna fjárskorts ef ný fjáröflunarleið kemur ekki til.

Gjald á greiðslukort, um 20 kr. á mánuði fyrir hvert kort, gæti fært SÍ um 1,5 millj. kr. mánaðarlega. Tæplega verður því trúað að nokkur greiðslukortshafi telji eftir sér að greiða til skákhreyfingarinnar sem svarar gjaldi í stöðumæli tvisvar í mánuði. Fé þetta væri skákhreyfingunni hins vegar ómetanlegur stuðningur.

Íslendingar eru frægir af skákmeisturum sínum víða um heim. Íslendingar eiga nú sex stórmeistara og fimm alþjóðlega meistara í skák. Auk þess eiga þeir tvo heimsmeistara í yngri aldursflokkum, bæði innan 12 ára og innan 16 ára, og Evrópumeistara unglunga innan 16 ára. Nú er Norðurlandameistari í skák Íslendingur og hápunkturinn er þátttaka Jóhanns Hjartarsonar í keppninni um heimsmeistaratitilinn og sigur hans yfir Viktor Kortsnoj. Á síðasta Ólympíuskákmóti hafnaði íslenska skáksveitin í 5. sæti meðal rúmlega hundrað þjóða.

Þannig mætti lengi telja.

Íslendingar eru einnig frægir víða um heim af skákmótum sínum og skáksagan hér á landi er merkileg. Um aldamót var gefið út hér á landi vandað tímarit um skák prentað í Flórens og útgáfa skákbóka er hér líffleg.

Hið gróskumikla skáklíf í landinu gæti leitt til meiri afreka ef hlúð væri að því. Til þess að svo megi verða þarf að sjá skákhreyfingunni fyrir föstum tekjustofni.